

Fyrirmæli um skurð á hrefnum og meðferð hrefnukjöts

Fyrirmæli þessi gilda vegna vísindaveiða á hrefnum sumarið 2003 og eru gefin í samræmi við 2. gr. reglugerðar nr. 105/1949 um vinnslu og umbúnað á hvalkjöti.

Í fyrirmælum þessum er hrefnukjöt allar afurðir sem nýttar eru til manneldis.

Áður en skurður á hrefnu hefst og að loknum skurði skal þrifa og sótthreinsa flöt sem hrefna er skorin á, geymslukör, áhöld og verkfæri. Skipslest skal þrifa og sótthreinsa eftir hverja löndun. Við þrif og sótthreinsun skal nota viðurkennd hreinsi- og sótthreinsiefni og þess gætt að afurðir mengist ekki við þrifin.

- Við skurð á hrefnunni og við alla meðferð kjötsins skal gæta fyllsta hreinlætis.
- Hrefnur skal skera um borð í veiðiskipi.
- Hrefnu skal blóðtæma sem fyrst eftir aflífun.
- Flötur sem hrefna er skorinn á skal vera hreinn og sótthreinsaður og hrefnukjöt sem nýta á til manneldis má ekki snerta hann.
- Kjötið skal skorið í hæfilega stór stykki og strax sett í hrein, sótthreinsuð ílát/kör til frumkælingar þar til það hefur náð $+7^{\circ}\text{C}$ eða lægra í kjarna. Leitast skal við að leggja kjötið þannig að himnur snúi niður og loft leiki um það. Breiða skal plast yfir kjöt í frumkælingu svo það óhreinkist ekki.
- Í hvert kar skal setja plastpoka úr þolplasti og kjötið síðan sett í pokann ásamt ís til kælingar.
- Pokunum skal lokað með fyrirböndum og innsiglið miðar embættis yfirdýralæknis límdir fyrir op pokans áður en kjötinu er landað.
- Á innsiglið skal skrá rekjanleikanúmer viðkomandi hrefnu.
- Fylla skal út eyðublað embættis yfirdýralæknis vegna heilbrigðisskoðunar og skal það fylgja kjötinu í vinnslustöð. Fylla skal út eitt eyðublað fyrir hverja hrefnu.
- Sem rekjanleikanúmer skal nota einstaklingsnúmer Hafrannsóknastofnunar fyrir hverja hrefnu.
- Kjötið skal flytja í kælibíl í vinnslustöð og gæta skal þess að kælikeðja rofni ekki.
- Tilkynna skal eftirlitsdýralækni í kjötvinnslustöð um komu kjöts 24 klst áður en kjötið berst þangað.

Reykjavík, 15. ágúst 2003

Sigurður Örn Hansson/Gunnar Örn Guðmundsson